

Fimmtudaginn 25. september 1997.

Nr. 183/1997.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Rúnari Eiríki Siggeirssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Veiðar. Eignarréttur. Landamerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 23. apríl 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

I.

Eins og nánar greinir í héraðsdómi, er ákærði saksóttur fyrir að hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með því að hafa skotið ellefu rjúpur 4. nóvember 1995 í landi Neðri-Hundadals í Dalabyggð án leyfis landeiganda.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 er landeiganda einum heimil fuglaveiði á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Samkvæmt orðskýringum í 1. gr. laganna er landareign í þessum skilningi jörð eða annað landsvæði, sem er háð beinum eignarrétti. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. heimila hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi fuglaveiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt kort nr. 35, Norðurárdalur NV, í stærðarhlutföllum 1:50.000, út gefið 1957 af Landmælingum Íslands. Á bakhlið kortsins er árituð sameiginleg yfirlýsing sakflytjenda þess

efnis, að ákærði og vitnið Haraldur Harðarson hafi merkt með krossi á framhlið þess staðinn, þar sem fundum þeirra bar saman við rjúpnaveiðar 4. nóvember 1995, og að merkingu þessa hafi þeir gert í vettvangsgöngu 15. september 1997. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýstu sakflytjendur því, að staður þessi væri á gróðurlausu svæði í um það bil 550 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli.

Í landamerkjabréfi 12. maí 1884 fyrir jörðinni Neðri-Hundadal í Miðdölum, sem lesið var á manntalsþingi Dalasýslu að Sauðafelli 20. sama mánaðar og innfært í landamerkjabók, er svofelld merkjalýsing:

„Að útnorðanverðu eru merkin í svokallaða Merkjaþúfu, er stendur við Miðá á Bæjarspotti, þaðan ræður Miðá til Hundadalsár, síðan ræður Hundadalsá til Stekkjarnefs og Elkingsness eftir árinna-
ar fyrri farveg, sem liggur með Grundarstekk að austanverðu, síðan ræður Grundarfarvegur til Hundadalsárgljúfra, þá ræður hún til Njóludalsár, sem síðan ræður til sinna fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan norður eftir há heiði, eftir því sem vötnum hallar vestur og inn af, síðan eftir brúninni fyrir ofan Heiðarsvík, þaðan eftir Hnúabrun til Mjóatags og eftir há-Miðmundafjalli eins og vötnum hallar austur af inn af Miðmundafjalli í Einbúa, sem stendur lítið eitt fyrir framan Stóragil, hvert þaðan ræður að vestan og útnorðanverðu þar til gljúfur enda, þá eftir gömlum gilsins farvegi gegnt hér fyrst greindri Merkjaþúfu.

Næst aðliggjandi lönd eru Fremri-Hundadalsland og Vífilsdalsland og Bæjarland.“

Undir bréfið rituðu samþykki sitt eigendur og umboðsmenn aðliggjandi jarða, sem voru að vestan, norðan og austan. Hálendi sunnan framangreindra landamerkja Neðri-Hundadals, á svokallaðri Hundadalsheiði, er ótvírætt utan landsvæða, sem eru háð beinum eignarrétti, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að neinir hafi við gerð landamerkjabréfsins eða síðar kallað til annarra réttinda yfir því landi.

Málsaðila greinir meðal annars á um, hvar eigi að telja Njóladalsá eiga upptök sín. Ákærði telur upptök árinna vera efst í Njóladal, þar sem hæst gætir gróðurs á jörðu, en sá staður virðist vera í um

450 til 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Af hálfu ákærvaldsins er því hins vegar haldið fram, að upptök árinna séu um einum kílómetra sunnar, í um það bil 550 til 600 metra hæð, í svokölluðum Einbúadrögum.

Óumdeilt er, að ákærði var við rjúpnaveiðar vestnorðvestan við þann stað, þar sem hann telur Njóladalssá eiga upptök sín, en austan megin við hæðarlínu eftir fjallsbrúnum, þaðan sem vötnum hallar vestur. Er viðurkennt af ákærða hálfu, að þessi staður sé innan landamerkja lögbýlisins Neðri-Hundadals, ef mið er tekið af framangreindu landamerkjabréfi. Hann heldur því hins vegar fram, að þetta sé hálendi utan landareigna lögbýla og að landamerkjabréfið eitt sé ekki næg sönnun fyrir beinum eignarrétti að því.

III.

Í Landnámu greinir frá því, að Auður in djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum Breiðafirði frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Hún hafi gefið land skipverjum sínum og leysingjum. Hundi hét leysingi hennar, skoskur. Honum gaf hún Hundadal. Ekki liggur fyrir, hve stórt land þetta hefur verið, en Njóladalur, sem áður er getið, gengur til suðurs frá enda Hundadals.

Í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur frá 3. maí 1799 fyrir „Halfann Hundadal fremra“ segir meðal annars, að landamerki jarðarinnar liggi um „Njóladal allann nordanfram, framm og uppá fjallsbrun, eftir því sem vötnum hallar“. Í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Hundadal frá 12. maí 1884, sem þinglesið var 20. sama mánaðar, segir, að merki jarðarinnar liggi meðal annars „úr Ljósbergi í klett, sem stendur norðanverðu í múlabrúninni, og þaðan eftir há-múlabrún, eftir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadranga, eftir því sem vötnum hallar til Njóladalssár að austanverðu, . . .“

Um landamerki Neðri-Hundadals virðist ekki njóta við eldri heimilda en landamerkjabréfsins, sem áður er greint frá.

IV.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti virðist eiga jafnt við um svokölluð Einbúadrög, þar sem upptök Njóladalssár eru talin vera í landamerkjabréfinu fyrir Neðri-Hundadal 12. maí 1884, og um þann

stað, þar sem ákærði var við rjúpnaveiðarnar umdeildu 4. nóvember 1995, að land er þar um og yfir 550 metra hæð yfir sjávarmáli og gróður enginn. Í ljósi þessara staðhátta verða ekki taldar líkur fyrir því, að þetta land hafi verið numið í öndverðu eða síðar. Í málinu liggja ekki fyrir gögn því til stuðnings, að land jarðarinnar Neðri-Hundadals hafi náð að sunnanverðu til upptaka Njóladalsár eldri en landamerkjabréfið 12. maí 1884. Ekki er glögg, hversu sunnarlega og ofarlega í landinu telja skuli upptök Njóladalsár, og eru fram lögð landakort um þetta á reiki, einkum hvað varðar miðun við hæðarlínur og afstöðu til dala og gilja bæði að vestan og austan. Þá er ekki heldur í ljós leitt, að farið hafi verið með hálendið sunnan og suðvestan við Njóladal sem eignarland varðandi fjallskil.

Þegar allt framangreint er virt, verður að telja þrátt fyrir umrætt landamerkjabréf 12. maí 1884 slíkan vafa leika á um, að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar Neðri-Hundadals yfir hinu umdeilda landsvæði, að sýkna verður ákærða af broti því, sem hann er ákærður fyrir, með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Eftir þessum úrslitum málsins fellur allur sakarkostnaður á ríkissjóð, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem eru ákveðin í einu lagi vegna meðferðar málsins á báðum dómstigum, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rúnar Eiríkur Siggeirsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 180.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 4. mars 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl. að lokinni aðalmeðferð, er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. ágúst 1996, á hendur Rúnari Eiríki Siggeirssyni, Arnartanga 81, Mosfellsbæ, fæddum 29. nóvember 1947, fæðingarnúmer 321.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir veiðilagabrot

með því að hafa laugardaginn 4. nóvember 1995 í landi Neðri-Hundadals í Suðurdöllum, nú Dalabyggð, í Dalasýslu, eign Sigursteins Hjartarsonar bónda, nánar tiltekið ofan Heiðarlækjar í Borgum vestan Einbúadraga án leyfis landeiganda skotið ellefu rjúpur, en auglýst hafði verið, að skotveiði í Dalabyggð væri óheimil án leyfis viðkomandi landeiganda.

Telst þetta varða við 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. nefndra laga nr. 64/1994 og upptöku á ofangreindu veiðifangi, ellefu rjúpum, sem hald var lagt á af lögreglu við rannsókn málsins samkvæmt 3. mgr. 19. gr. sömu laga, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Við munnlegan flutning málsins krafðist ákærvaldið þess einnig, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ. á m. saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna að mati réttarins.

Laugardaginn 4. nóvember 1995 tilkynnti Finnbogi Harðarson, veiðivörður jarðanna Vífilsdals, Neðri-Hundadals, Fremri-Hundadals, Sauðafells og Breiðabólstaðar, lögreglunni í Búðardal, að ákærði væri á rjúpnaveiðum í Borgum vestan Einbúadraga í landi Neðri-Hundadals. Væri ákærði þar við veiðar án leyfis landeigenda og neitaði að hætta veiðum. Haraldur Harðarson og Hjalti Vésteinsson, sem verið höfðu á fjallinu og komið höfðu að ákærða við veiðarnar, komu að bifreið lögreglunnar, þar sem hún var í Bröttubrekku um kl. 15.00. Um kl. 18.00 hafði lögreglan tal af ákærða, er hann kom úr veiðiför sinni, og var hann með haglabyssu, sem skráð var á skotvopnaleyfi ákærða, veiðikort og ellefu rjúpur meðferðis.

Ákærði kvaðst hafa verið við veiðar á Teigsfjalli norðan sauðfjárvarnargirðingar í Bröttubrekku og vestan akvegarins yfir Bröttubrekku, þ. e. á því svæði, sem tilgreint er í ákæru. Ákærði kvaðst hafa mætt manni á fjallinu, sem hefði sagst vera landeigandi að Teigsfjalli, og beðið sig að hverfa af veiðisvæðinu, sem næði allt suður að mæðiveikisgirðingu. Ákærði kveðst hafa neitað þeirri beiðni, þar sem hann hefði talið sig vera að veiða á af-réttarlandi og til þess þyrfti hann ekki leyfi, en maður þessi hefði bent ákærða á, að hann gæti fengið leyfi landeiganda til veiðanna. Ákærði kvað og annan mann hafa komið þar nærri, en sá maður hefði ekki yrt á sig. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið áfram veiðum og fyrrgreindir menn einnig. Ákærði kvaðst hafa veitt ellefu rjúpur, sem lögreglan hefði lagt hald á.

Vitnið Haraldur Harðarson kvaðst hafa farið á rjúpnaveiðar á Bröttubrekku umræddan dag ásamt Hjalta Vésteinssyni. Kvaðst hann einnig hafa verið í umboði veiðivarðar jarðanna Vífilsdals, Neðri-Hundadals, Fremri-Hundadals, Sauðafells og Breiðabólstaðar að líta eftir, að menn væru ekki þarna á rjúpnaveiðum án leyfis landeigenda fyrrnefndra jarða.

Vitnið kvaðst hafa orðið vart við skothvell um kl. tólf og gengið á hljóðið. Kvaðst hann hafa gengið að ákærða á veiðum á svæði, sem heyri til jörðinni Neðri-Hundadal, ofan Heiðarlækja í Borgum vestan Einbúadruga. Kvaðst vitnið hafa kynnt sig sem fulltrúa landeiganda og innt ákærða eftir því, hvort hann hefði leyfi landeiganda til rjúpnaveiðanna. Ákærði hefði ekki talið sig þurfa leyfi til veiðanna, þar sem hann væri staddur á almenningi eða á afrétti. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að verða á brott af svæðinu, en ákærði neitað. Vitnið kvaðst þá hafa hringt í eiganda jarðarinnar Sauðafells, Hörð Haraldsson, og tilkynnt honum um atvik. Eftir það hefði vitnið haldið áfram veiðum ásamt ákærða í um eina klukkustund, er hann hætti veiðunum.

Vitnið, sem er fætt og uppalíð á Sauðafelli í Dalasýslu, kvaðst vera kunnugt á þessum slóðum, verið þarna við smalamennsku og rjúpnaveiðar. Kvaðst hann fjallskilum á þessu svæði vera þannig háttað, að Eiðisdalur og hálfur Njóladalur á Hundadalsheiði hefði verið smalaður frá Neðri-Hundadal, en menn frá Fremri-Hundadal og neðan úr sveit fari í svokallaða Suðurárdals-smalamennsku. Við eftirlitir hefðu farið ýmsir menn úr sveitinni. Vitnið kvað jarðir, sem eigi land á Hundadalsheiði, þ. e. Neðri-Hundadalur, Fremri-Hundadalur, Breiðabólstaður, Vífilsdalur og Sauðafell, eiga afmarkað svæði þarna, en ekki sameiginlegan afrétt. Kvaðst hann hins vegar ekki vita, hvort aðrir bæir í Miðdölum ættu beitarrétt þar.

Vitnið Hjalti Vésteinsson var ásamt Haraldi við rjúpnaveiðar og eftirlit í umboði eigenda jarðanna Neðri-Hundadals, Fremri-Hundadals, Sauðafells, Breiðabólstaðar og Vífilsdals á Hundadalsheiði umræddan dag. Kvaðst hann hafa heyrt skothvell um klukkan tólf á hádegi og komið þar að, sem fyrrnefndur Haraldur hefði verið að tala við ákærða í Einbúadrögum, en það svæði sé eign Hundadalsbæjanna. Kvaðst hann hafa staðið á lengdar og greint orðaskipti milli ákærða og Haralds að mestu leyti. Kvaðst hann hafa heyrt, er Haraldur hefði beðið ákærða að fara af veiðisvæðinu, en ákærði neitað. Kvaðst hann síðan hafa fylgst með ákærða á þessu svæði fram til klukkan þrjú og bæði séð og heyrt, að ákærði skaut þar rjúpur. Vitnið kveðst þá hafa gengið til baka að bifreið sinni og verið komið þangað um klukkan fjögur. Þar hafi hann hitt Harald og lögregluna í Búðardal, en þeir hafi beðið þar hjá bifreiðunum, uns ákærði hafi komið af fjallinu.

Lögreglumaðurinn Sigvaldi Guðmundsson kom á staðinn að ósk Finn-boga Harðarsonar. Beið hann eftir veiðimönnunum á svokölluðum Merkja-hrygg á Bröttubrekku. Kvað hann fyrrgreindan Harald Harðarson hafa komið af fjallinu um klukkan þrjú og kveðið, að maður hefði verið á veið-um án leyfis landeigenda í drögum þeirra dala, sem liggja niður að Hundad-dal. Ákærði hafi komið af fjallinu um klukkan sex og sagst hafa verið á veiðum á þeim stað, sem getið sé í ákæru og nánar sé merktur á meðfylgj-andi kort. Kvaðst hann hafa lagt hald á veiðifang ákærða, ellefu rjúpur. Vitnið kvaðst hafa verið bóndi í Kvisthaga í fyrrum Miðdalahreppi fram til ársins 1989. Hefði hann oft farið í leitir á þessu svæði, bæði Hundadalsheiði, Suðurárdal og Austurárdal. Hann kvaðst ekki hafa átt upprekstrarleyfi á þetta svæði, er hann bjó í Kvisthaga, og ekki vita til þess, að rekið væri þarna á fjall, en Hundadalsheiði hafi einkum verið smöluð af heimamönnum, þ. e. a. s. frá Neðri- og Fremri-Hundadal, í samvinnu við menn frá Vífil-sdal.

Finnbogi Harðarson bar, að hann hefði verið ráðinn veiðivörður á þessu svæði af landeigendum Hundadalsbæja, Vífilsdals, Sauðafells og Breiðabólstaðar. Starfið fælist aðallega í því að veita veiðileyfi og kalla til lög-reglu, ef á þyrfti að halda. Hann kvaðst vera kunnugur á þessu svæði, oft farið þar til rjúpnaveiða og í grenjaleit. Hann kvað umrætt fjalllendi heita Hundadalsheiði, en Teigsfjall væri afmarkaðra svæði þarna á heiðinni, og kvaðst hann telja það vera hluta af landi Sauðafells. Hann kvað haga vera góða á Hundadalsheiði.

Vitnið Hjörtur Einarsson kvað umrætt svæði vera eignarland Neðri-Hundadals og kvað heiðina vera kallaða afrétt og vera nýtta til beitar og hafa jafnframt verið nýtta til slægna, þegar illa áraði. Frammi á heiði væri að hluta til gott sauðfjárland, en efst sandblásið land. Hann kvað bæina Sauðafell, Breiðabólstað, Vífilsdal og Hundadalsbæina báða eiga lönd þarna suður á sýslumörk. Landið væri eignarland þessara býla, en girðingar væru ekki milli landareignanna. Hann kvað aðeins ábúendur í Hundadal hafa haft rétt til þess að hafa fé þarna, og mörkin milli fyrrgreindra bæja væru skýr. Hann kvað Miðdalsmúla vera sama kennileiti og Staðarmúla nú og vera í Mýrasýslu, fyrir neðan Miðdal. Kvað hann staðsetningu Teigsfjalls á uppdrætti Landmælinga Íslands ekki vera rétta, en Teigsfjall væri fjallið upp af teigi þeim, sem afmarkist af Kringlugili að norðan, en Völsungagili að sunnan og Miðá í Sökkólfssdal að austan. Kvað hann bændur í Hundadal smala þetta svæði, en afréttur hreppsins væri Sanddalsafrétt í Mýrasýslu. Fjalllendið hefði oftast verið smalað á svipuðum tíma af Mýramönnum og Dalamönnum fram til þess tíma, er mæðiveikisgirðing hefði verið sett upp á fjallinu á árunum 1963 til 1964 og eftir að hún hefði farið að bila.

Sigursteinn Hjartarson, bóndi í Neðri-Hundadal, sem lagði fram kæru á hendur ákærða í málinu, kvað Neðri-Hundadal eiga land um það bil að sýslumörkum, en ekki væru girðingar, vörður eða skurðir til þess að afmarka landamerki, þar sem þau þættu það glögg. Kvað hann sveitarstjórn Dalabyggðar hafa látið lesa í útvarp tvívegis haustið 1995 bann við rjúpnaveiðum í Dalabyggð án leyfis landeigenda, en allt land í Dalabyggð væri í einkaeign.

Ákærði hefur játað að hafa verið á rjúpnaveiðum ofan Heiðarlækja í Borgum vestan Einbúadraga. Hefur ákærði haldið því fram, að sér hafi verið veiðin heimil, þar sem hann hafi verið staddur á afréttarlandi.

Samkvæmt fram lagðri landamerkjálýsingu jarðarinnar Neðri-Hundadals í Dalabyggð, sem þinglesin var á manntalsþingi Sauðafellsþinghár 20. maí 1884, er land það, sem ákærði var við veiðarnar, innan landamerkja Neðri-Hundadals, sem er lögbýli. Landamerkjálýsing þessi var undirrituð af eigendum og umboðsmönnum jarða, sem áttu aðliggjandi lönd utan það, að ekki hefur verið skrifað undir landamerkjálýsinguna af hugsanlegum eigendum lands, sem liggur að jörðinni sunnan megin. Samkvæmt lögfestu fyrir Stafholtskirkju frá 1707 og lögfestu fyrir Bjarnardal frá 1768 var m. a. lýst yfir sem eign Stafholtskirkju afrétti í Vesturárdal, Miðdalsmúla, Bjarnardal öllum fyrir framan Mælifellsgil. Örnefnið Miðdalsmúli er ekki að finna á fram lögðum kortum af þessu svæði, og samkvæmt bréfi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns hefur örnefnið Miðdalsmúli á eða við mörk Mýra- og Dala-sýslu ekki fundist í örnefnaskrá stofnunarinnar. En samkvæmt gögnum málsins liggja mörk hins ætlaða afréttarlands Stafholtskirkju að mun sunnar en sá staður, sem ákærði var við veiðarnar, og ekkert það fram komið í málinu, að landsvæðið sé ekki undirorpið fullkomnum eignarrétti. Enda þótt mörk jarðarinnar Neðri-Hundadals og afréttarlands Stafholtskirkju samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, kunni að vera óljós, er svæði það, sem ákærði var við veiðarnar, samkvæmt fram lögðum eignarheimildum innan landamerkja Neðri-Hundadals og undirorpið fullkomnum eignarrétti. Ákærða var kunnugt bann við rjúpnaveiðum án leyfis landeigenda, og hafi ákærði talið sér heimilt að veiða á þessu svæði, var ástæða fyrir hann að kynna sér það sérstaklega. Af framburði vitna, ákærða sjálfs og gögnum málsins telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greind er í ákæru og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann árin 1964, 1965, 1969 og 1972 gengist undir sáttir fyrir ölvun. Árið 1965 var ákærði dæmdur í sex mánaða

fangelssi skilorðsbundið í þrjú ár fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000 krónur í sekt, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í átta daga.

Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem vísað er til í ákæru, er fallist á upptöku á veiðifangi, ellefu rjúpum, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 80.000 krónur.

Mál þetta flutti af ákæruvaldsins hálfu Ólafur St. Sigurðsson, sýslumaður í Búðardal.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rúnar Eiríkur Siggeirsson, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna, en sæti ella varðhaldi í átta daga.

Ákærði sæti upptöku á ellefu rjúpum, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur.
